

UMSÓKN UM MÓTFRAMLAGSLÁN

Almennar upplýsingar um umsækjanda

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Netfang:
Póstnr. og staður:	Sími (tel):

Tengiliður

Nafn:	Kennitala:
Heimilisfang:	Netfang:
Póstnr. og staður:	Sími (tel):

Upplýsingar um lán:

Lánsfjárhæð sem sótt er um: ¹
Lánstími í mánuðum: ²
Vextir á ársgrundvelli: ³
Lánið óskast lagt inn á reikning:

¹ Lánsfjárhæð skal a.m.k. vera jafnhá fjárfestingu fjárfestis, þó að lágmarki 25 m. kr. en að hámarki 70 m. kr. Fjármögnun fjárfestis má þó vera hærri en 70 m. kr. en eigi lægri en 25 m. kr. Umsækjanda er ljóst að endanleg lánsfjárhæð kann að vera lægri, komi til þess að fjárhæð sem stendur til úthlutunar er lægri en sem nemur fjárhæð samþykktra umsókna.

² Lánstími mótframlagsláns skal vera sá sami og lánstími lánsfjármögnunar fjárfestis, þó að hámarki 36 mánuðir frá útgáfudegi breytanlegs skuldabréfs.

³ Lánið skal bera sömu vexti og lánsfjármögnun fjárfestis, þó að lágmarki 10% vexti á ársgrundvelli.



Umsækjandi sækir hér með um mótframlagslán vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Umsókn þessi er sett fram í samræmi við samkomulag milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um framkvæmd á veitingu mótframlagslána vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Nánari upplýsingar um umsækjanda:

1. Er umsækjandi félag sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi?:⁴

Já **Nei**

2. Tegund félags:⁵

3. Fjöldi stöðugilda 1. mars 2020:⁶

4. Ársvelta árið 2019:⁷

6. Eru fjármálagerningar umsækjanda skráðir á skipulegan verðbréfamarkað eða markaðstorg fjármálagerninga?:⁸

Já **Nei**

7. Hefur umsækjandi hlotið staðfestingu Rannís⁹ eða styrk frá Tækniþróunarsjóði?

Já **Nei**

⁴ Umsækjandi skal bera fulla og ótakmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003.

⁵ Einkahlutafélag, hlutafélag eða annað félagaform.

⁶ Fjöldi stöðugilda skal vera innan við 50.

⁷ Ársvelta skal vera innan við 500 milljón króna á árinu 2019.

⁸ Fjármálagerningar umsækjanda, s.s. hlutabréf eða skuldabréf, skulu ekki vera skráður á skipulegan verðbréfamarkað, í skilningi laga nr. 110/2007 um kauphallir, s.s. aðalmarkað Nasdaq Iceland, eða markaðstorg fjármálagerninga (MTF), í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, s.s. Nasdaq Iceland First North.

⁹ Staðfesting Rannís á því að rannsóknar- eða þróunarverkefni fyrirtækisins uppfylli skilyrði laga nr. 152/2009 til að vera til grundvallar sérstökum skattfrádrætti.



8. Hvaða ár var styrkur eða staðfesting hlotin (ef nr. 7 er svarað játandi)?¹⁰

9. Hefur umsækjandi á árunum 2018, 2019 og/eða 2020 tryggt sér fjármögnun í formi hlutafjár eða lánsfjár sem nemur a.m.k. 40 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum?¹¹

Já **Nei**

Fylgigögn

Með umsókn um mótramlagslán skulu fylgja eftirfarandi gögn:

Fullnægjandi staðfesting á skráningu félags í hlutafélagaskrá, s.s. með vottorði frá fyrirtækjaskrá.

Gildandi samþykktir umsækjanda.

Ársreikningur vegna ársins 2019. Liggja hann ekki fyrir skal leggja fram ársreikning vegna 2018.

Staðfesting á skuldbindingu fjárfestis um að leggja umsækjanda til aukið fjármagn, í formi hlutafjár eða lánsfjár, að a.m.k. sömu fjárhæð og mótramlagslán sem sótt er um. Hafi fjárfesting þegar átt sér stað skulu upplýsingar um hana fylgja auk staðfestingar fjárfestis um að fjárfesting í formi lánsfjár verði í því formi breytanlegs skuldabréfs.

Staðfesting á að umsækjandi hafi hlotið staðfestingu Rannís skv. 5. gr. laga nr. 152/2009 á árinu 2019, eða styrk frá Tækniþróunarsjóði á árunum 2017 til 2020.

Gögn sem sýna fram á, með fullnægjandi hætti, að umsækjandi hafi á árunum 2018, 2019 og/eða 2020 tryggt sér fjármögnun í formi hlutafjár eða lánsfjár sem nemi a.m.k. 40 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðlum (m.v. miðgildi viðmiðunargengis Seðlabanka Íslands á þeim degi eða dögum sem fjármunir voru greiddir til umsækjanda).

Skuldleysivottorð frá Skattinum, þ.e. að engin opinber gjöld eru í vanskilum, sem skal ekki vera eldra en frá 1. júní 2020.

¹⁰ Staðfesting Rannís verður að vera hlotin árið 2019. Styrkur Tækniþróunarsjóðs verður að vera veittur á árunum 2017 til 2019.

¹¹ Við umreikning fjárhæðar í erlendum gjaldmiðli skal miðað við miðgildi viðmiðunargengis Seðlabanka Íslands á þeim degi eða dögum sem fjármunir voru greiddir til umsækjanda.



Yfirlýsingar

Með undirritun þessarar umsóknar lýsir undirritaður því yfir að:

1. Þær upplýsingar sem veittar eru með umsókn þessari og fylgigögnum eru réttar.
2. Að umsækjandi hafi ekki greitt út arð, óumsamda kaupauka, keypt eigin hlutabréf, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eigendum eða nákomnum aðilum¹² umsækjanda lán eða aðrar greiðslur sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri frá 1. mars 2020.
3. Að umsækjandi sé með hreint skuldleysisvottorð frá Skattinum, þ.e. að hann sé ekki í vanskilum á opinberum sköttum og gjöldum, og að hann hafi ekki verið í vanskilum við lánastofnun lengur en í 90 daga á umsóknardegi.
4. Að umsækjandi hafi frá og með 1. mars 2020 tryggt fjármögnun í formi lánsfjár eða hlutafjár að a.m.k. sömu fjárhæð og mótframlagslán sem sótt er um.

Verði umsókn samþykkt skal umsækjandi sýna sannanlega fram á, með nægjanlegum hætti að mati lánanefndar að eftirfarandi hafi átt sér stað innan 4 vikna frá móttöku tilkynningar um að umsókn hafi verið samþykkt:

- a) að hluthafafundur umsækjanda hafi samþykkt að gefa út breytanlegt skuldabréf og breyta samþykktum sínum og jafnframt skal skýrsla stjórnar hafa legið fyrir hluthafafundinum,
- b) að umsækjandi sýni fram á að viðeigandi breytingar á samþykktum hans hafi verið skráðar hjá fyrirtækjaskrá, og eftir atvikum hlutafjárhækkun vegna hlutafjárframlags fjárfestis,
- c) að umsækjandi sýni fram á að honum hafi borist fjármögnun frá fjárfesti sem er a.m.k. jafnhá mótframlagsláni.

Umsókn skal undirrituð af þeim sem rita firma umsækjanda eða prókúruhafa umsækjanda.

Staður/dagsetning

Undirritun

Undirritun

Undirritun

¹² Með nákomnum aðila er átt við nákominn aðila í skilningi 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.